

Íbúaráð Breiðholts  
Sara Björg Sigurðardóttir

Efni:

***Vegna fyrirspurnar íbúaráðs Breiðholts um aðgang að lokaskýrslum vegna styrkja úr hverfissjóði.***

Samkvæmt úthlutunarreglum hverfissjóðs skulu þeir sem hljóta styrki úr sjóðnum skila Reykjavíkurborg greinargerð innan árs frá því að styrkur var veittur. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa afgreiðir styrkveitingar úr hverfissjóði í samræmi við ákvarðanir íbúaráða og tekur við greinargerðum frá styrkþegum. Greinargerðum er skilað á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu Reykjavíkurborgar og veitir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa styrkþegum leiðbeiningar um þau atriði sem þar eiga að koma fram. Jafnframt er farið yfir greinargerðir styrkþega, gengið úr skugga um að farið hafi verið eftir viðhlítandi reglum og gerðar athugasemdir ef þörf þykir til. Nokkur íbúaráð hafa sýnt því áhuga að greinargerðir vegna umsókna úr hverfissjóði verði lagðar fyrir viðeigandi íbúaráð. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa sér ekkert því til fyrirstöðu að íbúaráðin fái afhendar greinargerðir vegna verkefna sem þau hafa ákveðið að styrkja. Til að koma til móts við beiðni íbúaráðanna verða allar greinargerðir vegna samþykktra umsókna því lagðar fyrir á lokuðum fundum viðeigandi íbúaráðs.

Styrkumsóknir og greinargerðir vegna verkefna sem hlotið hafa styrki úr hverfissjóði innihalda án undantekninga persónugreinanlegar upplýsingar um umsækjendur og eftir atvikum aðra sem koma að verkefninu. Af því leiðir að fara skal með þessi gögn í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd.

Virðingarfyllst

Guðrún Elsa Tryggvadóttir  
mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Afrit:  
Íbúaráð Reykjavíkurborgar  
Heimir snær Guðmundsson